

192. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar, haldinn í Aratungu þann 23. febrúar 2018 kl. 09:30.

Mætt: Valgerður Sævarsdóttir formaður byggðaráðs, Helgi Kjartansson og Óttar Bragi Þráinsson. Einnig var mættur Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir til samþykktar:

- 1.1. 4. hönnunarfundur vegna leikskólabyggingar í Reykholti ásamt kynningarefni frá arkitekt.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. 5. hönnunarfundur vegna leikskólabyggingar í Reykholti.
Samþykkt samhljóða.
- 1.3. 83. fundur veitustjórnar Bláskógaveitu.
Samþykkt samhljóða.
- 1.4. 9. fundur æskulýðsnefndar Bláskógabyggðar.
Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 187. fundur fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga.
- 2.2. 263. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 2.3. 184. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 2.4. 528. fundur stjórnar SASS.
- 2.5. 529. fundur stjórnar SASS.
- 2.6. 856. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Þingmál til umsagnar:

- 3.1. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 31. janúar 2018; tillaga til þingsályktunar um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta (þingmál 50).
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn framlagðrar tillögu til þingsályktunar.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar.
- 3.2. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 2. febrúar 2018; tillaga til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframsæslu (þingmál 9).
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn framlagðrar tillögu til þingsályktunar.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar.
- 3.3. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 12. febrúar 2018; frumvarp til laga um útlendinga, - fylgdarlaus börn (þingmál 42).
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um framlagt frumvarp til laga um útlendinga, fylgdarlaus börn.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við fyrirleggjandi frumvarp til laga.

- 3.4. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 12. febrúar 2018; frumvarp til laga um útlendinga, - réttur barna til dvalarleyfis (þingmál 34).
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um framlagt frumvarp til laga um útlendinga, réttur barna til dvalarleyfis.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við fyrirleggjandi frumvarp til laga.
- 3.5. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 13. febrúar 2018; frumvarp til laga um ættleiðingar, - umsagnir nánustu fjölskyldu (þingmál 128).
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um framlagt frumvarp til laga um ættleiðingar, umsagnir nánustu fjölskyldu.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við fyrirleggjandi frumvarp til laga.
- 3.6. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 13. febrúar 2018; frumvarp til laga um íslenskan ríkisborgararétt og barnalög, - ríkisfangsleysi (þingmál 133).
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um framlagt frumvarp til laga um íslenskan ríkisborgararétt og barnalög.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við fyrirleggjandi frumvarp til laga.
- 3.7. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 14. febrúar 2018; frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (þingmál 35).
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um framlagt frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við fyrirleggjandi frumvarp til laga.
- 3.8. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 15. febrúar 2018; tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir (þingmál 52).
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn framlagðrar tillögu til þingsályktunar.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar.

4. Umsókn um byggingarlóðina Bæjarholt 12, Laugarási.

Lögð fram umsókn Hafsteins Helgasonar og Arite Fricke um byggingarlóðina Bæjarholt 12 í Laugarási. Ekki eru aðrar umsóknir fyrirleggjandi um viðkomandi byggingarlóð. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að úthluta Hafsteini og Arite umrædda lóð samkvæmt úthlutunarreglum lóða í Bláskógabyggð.

5. Grunnsamkomulög um lóðarréttindi fyrir Hlöðuvelli í Þjóðlendunni Laugardalsafreitur:

- 5.1. Samkomulag um lóðarréttindi fyrir fjallaskála m.m. að Hlöðuvöllum.
Lagt fram samkomulag um afnotarétt í þjóðlendu milli Bláskógabyggðar og forsætisráðuneytis fyrir hönd forsætisráðherra, vegna lóðarréttinda fyrir Hlöðuvelli í Þjóðlendunni Laugardalsafreitur. Um er að ræða lóðarréttindi fyrir fjallaskála m.m. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir framlagt samkomulag og felur sveitarstjóra að undirrita samkomulagið fyrir hönd Bláskógabyggðar. Einnig samþykkir byggðaráð að umrædd lóð verði auglýst laus til útleigu og felur oddvita sveitarstjórnar og sveitarstjóra að koma því máli í farveg. Eftir auglýsingu verði niðurstaða lögð fyrir sveitarstjórn Bláskógabyggðar til ákvörðunar um val á leigjanda lóðarinnar ásamt lóð undir nýtt hesthús skv. dagskrárlið 5.2.

- 5.2. Samkomulag um lóðarréttindi fyrir hesthús að Hlöðuvöllum.
Lagt fram samkomulag um afnotarétt í þjóðlendu milli Bláskógabyggðar og forsætisráðuneytis fyrir hönd forsætisráðherra, vegna lóðarréttinda fyrir Hlöðuvelli í þjóðlendunni Laugardalsafreittur. Um er að ræða lóðarréttindi fyrir nýtt hesthús. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir framlagt samkomulag og felur sveitarstjóra að undirrita samkomulagið fyrir hönd Bláskógabyggðar. Einnig samþykkir byggðaráð að umrædd lóð verði auglýst laus til útleigu og felur oddvita sveitarstjórnar og sveitarstjóra að koma því máli í farveg. Eftir auglýsingu verði niðurstaða lögð fyrir sveitarstjórn Bláskógabyggðar til ákvörðunar um val á leigjanda lóðarinnar ásamt lóð undir fjallaskóla m.m skv. dagskrárlið 5.1.

6. Innsend bréf og erindi:

- 6.1. Tölvuskeyti HSK dags. 15. febrúar 2018; ósk um styrk á móti húsaleigu íþróttahússins á Laugarvatni.
Lagt fram tölvuskeyti HSK þar sem óskað er eftir niðurfellingu á reikningi fyrir húsaleigu íþróttahússins á Laugarvatni vegna blakmóts HSK og Skjaldarglímu Skarphéðins. Jafnframt er óskað eftir viðræðum við Bláskógabyggð um gerð sammings milli HSK og Bláskógabyggðar um nýtingu íþróttamannvirkja þannig að kjör verði þau sömu og HSK hefur hjá öðrum sveitarfélögum á sambandssvæðinu. Byggðaráð samþykkir samhljóða að veita styrk á móti húsaleigu vegna þessara tveggja móta og samþykkir jafnframt að fara í viðræður við HSK um kjör sambandsins vegna nýtingar á íþróttamannvirkjum Bláskógabyggðar.
- 6.2. Tölvuskeyti Markaðsstofu Suðurlands, dags. 6. febrúar 2018; áfangastaðaáætlun DMP.
Lagt fram tölvuskeyti Markaðsstofu Suðurlands ásamt minnisblaði yfir stöðu verkefnisins og afriti af bréfi til SASS. Þar er kynnt að til stendur að drög að Áfangastaðaáætlun DMP verði send út 19. febrúar til sveitarfélaganna. Þar sem að drögin hafa ekki borist með nægjanlega löngum fyrirvara fyrir þennan fund byggðaráðs, þá er málinu vísað til sveitarstjórnar.
- 6.3. Bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dags. 8. febrúar 2018; tenging við 3ja fasa rafmagn.
Lagt fram bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis þar sem kynnt er að skipaður hefur verið starfshópur til að greina möguleika og gera tillögur um uppfærslur á raforkuflutningskerfi í dreifbýli með áherslu á þrífösun rafmagns. Leitað er til sveitarstjórna á landinu um að veita upplýsingar um hvar sé brýnust þörf á tengingu við þriggja fasa rafmagn í sveitarfélaginu og til hvaða starfsemi. Sveitarstjóri lagði fram yfirlitsmynd um eins fasa raflagnir í sveitarfélaginu sem unnin hefur verið af RARIK. Byggðaráð Bláskógabyggðar felur sveitarstjóra að skila inn umbeðnum upplýsingum á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir.
- 6.4. Tölvuskeyti MS félags Íslands, dags. 12. febrúar 2018; styrkbeiðni.
Lagt fram tölvuskeyti MS félags Íslands þar sem óskað er eftir styrk við rekstur félagsins með kaupum á auglýsingu eða styrktarlínu í blaðinu MeginStoð. Erindinu hafnað.
- 6.5. Tölvuskeyti Krafts, dags. 1. febrúar 2018; styrkbeiðni.
Lagt fram tölvuskeyti Stuðningsfélaginu Krafti þar sem óskað er eftir styrk við rekstur félagsins með kaupum á auglýsingu eða styrktarlínu í blaðinu Kraftur. Erindinu hafnað.

- 6.6. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 8. desember 2017; beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstarleyfi, - Skálholtsstaður.
Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna umsóknar Skálholtsstaðar kt. 610172-0169 um rekstarleyfi vegna reksturs gististaðar í flokki IV, gististaður með áfengisveitingum, (B) stærra gistiheimili.
Fyrir liggur jákvæð umsögn byggingarfulltrúa og Lögreglustjóranum á Suðurlandi.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.
- 6.7. Tölvuskeyti Veraldarvina, dags. 2. febrúar 2018; leit að samstarfsaðilum.
Lagt fram tölvuskeyti Veraldarvina þar sem fram kemur að þeir eru að leita að samstarfsaðilum fyrir sumarið 2018 við umhverfisverkefni.
Byggðaráð Bláskógabyggðar sér ekki fært að taka þátt í verkefninu á þessu ári.

7. Erindi til kynningar:

- 7.1. Ákvörðun frá Skipulagsstofnun, dags. 16. febrúar 2018; ákvörðun um matsskyldu vegna endurbóta á Þingvallavegi milli þjónustumiðstöðvar og syðri vegamóta við Vallarveg í Bláskógabyggð.
- 7.2. Yfirlit yfir stöðu efnahagsreiknings Laugaráslæknishéraðs 31. desember 2017.
- 7.3. Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 2. febrúar 2018; PISA 2018 fyrir 15 ára nemendur.
- 7.4. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. febrúar 2018; viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.
- 7.5. Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 8. febrúar 2018; uppgjör sveitarfélaga við Brú lífeyrissjóð vegna laga nr. 127/2016.
- 7.6. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. janúar 2018; upplýsingar vegna samþykktar sveitarstjórnar frá 24. janúar 2018 um lífeyrismál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Valgerður Sævarsdóttir

Helgi Kjartansson

Óttar Bragi Þráinsson

Valtýr Valtýsson